

Fimmtudaginn 24. janúar 1952.

Nr. 8/1951: **Alþýðusamband Íslands f. h.**
Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps
vegna Páls Grétars Lárussonar
 (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.
Miðness h/f, Sandgerði
 (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Forgangsréttur til vinnu. Skaðabætur.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 21. júní f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps vegna Páls Grétars Lárussonar gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Miðness h/f í Sandgerði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að stefndi hafi með því að synja þess að taka Pál Grétar Lárusson í vinnu, er þess var krafizt í janúar 1951, brotið 1. gr. kjarasamnings frá 23. nóvember 1949, sem framlengdur var 13. des. 1950.
2. Að stefndi verði fyrir nefnt brot dæmdur til þess að greiða stefnanda hæfilega sekt samkvæmt 21. gr. sama samnings og,
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda vegna Páls Grétars Lárussonar kr. 1000.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. febrúar 1951 til greiðsludags. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög málsins og málsatvik eru þessi:

Samkvæmt 1. gr. kjarasamnings málsaðilja er svo um samið, að vinnuveitendur skuli láta félagsmenn verklýðsfélagsins „hafa forgangsrétt til allrar algengrar verkamannavinnu innan hreppsfélagsins, þegar þess er krafizt og félagsmenn

bjóðast í tæka tíð“ . . . „enda sé viðkomandi verkafólk hæft til vinnunnar að álitum verkstjóra og trúnaðarmanns verk lýðsfélagsins á viðkomandi vinnustað.“

Þá segir svo í 21. gr. sama samnings:

„Brot á samningi þessum varðar sektum, allt að kr. 5000.00. Sektarupphæð skal í hverju tilfelli ákveðin af Félagsdómi.“

Eftir því sem fram hefur komið í málinu virðist ráðningu verkafólks í Sandgerði einatt vera svo háttáð, að vinnuveitendur auglýsa á almannaferi, í búðum eða á símastaurum, eftir verkafólki. Ekki er að sjá, að skriflegir vinnusamningar séu gerðir við verkafólkið. Það fær aðeins galdið fyrir þann tíma, sem vinna stendur yfir, samkvæmt því sem nánar er ákveðið í kjarasamningnum, og ekki er samið um neinn uppsagnarfrest. Þegar hlé verður á vinnu sökum þess, að verkefni eru ekki fyrir hendi, er verkafólkinu gert viðvart, er vinna hefst á ný.

Þegar vertíðarvinnan hófst hjá stefnda í janúar 1951 var ekki auglýst sérstaklega eftir verkafólki, svo sem oft hafði tíðkæzt áður, þar sem haustvinnan stóð óvanalega lengi, eða fram í janúar, að því er talið er. Virðist fólk það, er að henni vann hjá stefnda, yfirleitt hafa verið ráðið til áframhaldandi starfa til vertíðarloka með þeim kjörum, er áður greinir. Stefndi rekur frystihús í Sandgerði og hófst vertíðarstarfræksla þess að þessu sinni 29. janúar. Tóku þá þegar til starfa við það menn, sem ekki voru í Verkalýðs- og sjómannafélagi Miðneshrepps.

Verkamaðurinn Páll Grétar Lárússon varð 16 ára 11. desember 1950. Hann mun hafa unnið í þjónustu stefnda mest allt árið 1950 og fram í janúar 1951. Þegar vinna hófst á ný hjá stefnda í þeim mánuði, var hann ekki kallaður til starfa, þótt aðkomumenn væru þá strax teknir, og kveður verkstjóri stefnda ástæður til þess hafa verið þær, að nefndur Páll hafi að hans álitum ekki verið fullfær til vinnu. Hann hafi verið afkastaminni en unglingar á hans aldri og ekki orðið úr vinnu, væri hann einn sér, enda muni hann hafa gengið með heilsuþrest. Þegar það kom í ljós, að Páll Grétar var ekki ráðinn af nýju, fóru vandamenn hans þess á leit við verkstjóra stefnda, sem stóð fyrir manna ráðningum, að hann (Páll) yrði aftur

tekinn í vinnu. Aðiljum ber ekki saman um það, hvenær fyrst var að þessu sinni falazt eftir vinnu handa honum, en samkvæmt vætti verkstjórans hefur það ekki verið síðar en 29. janúar 1951, er starfræksla frystihússins hófst. Verkstjórinn synjaði þess að taka Pál og bar fyrir sig framangreindar ástæður. Hinn 1. febrúar s. á. krafðist verklýðsfélagið þess, með skírskotun til forgangsréttarákvæða þeirra, sem greind hafa verið, að stefndi tæki Pál í vinnu og gerði þegar jafnframt kröfu til kaups honum til handa frá þeim tíma, er frystihúsvinnan hófst. Stóð svo í þófi um þetta til 10. febrúar s. á., en þá tók stefndi Pál Grétar í vinnu og var hann í þeirri þjónustu fram í maímánuð s. á., er hann lét af störfum vegna veikinda.

Þar sem stefndi vildi ekki verða við þeirri kröfu verklýðsfélagsins vegna Páls Grétars, að greiða honum bætur vegna þess, að hann var ekki tekinn til vinnu dagana 1. til 10. febr. f. á., höfðaði stefnandi mál þetta, svo sem að framan er greint.

Verða dómkröfur stefnanda þá teknar til athugunar.

Um 1. og 2. Stefnandi byggir þessa kröfuliði á því, að samkvæmt 1. gr. kjarasamnings aðilja hafi stefnda borið skylda til þess að taka Pál Grétar í vinnu, áður en hann réði utanfélagsmenn til sín. Þetta hafi hann ekki gert, og þar sem Páll Grétar hafi eins og á stóð krafizt vinnu í tæka tíð og verið fullgildur til vinnunnar, hafi stefndi með synjun sinni um að taka hann í vinnu gerzt brotlegur við 1. gr. kjarasamningsins og unnið til sekta samkvæmt 21. gr. hans.

Stefndi byggir sýknukröfu sína hins vegar á því, að ekki hafi verið falazt eftir vinnu fyrir Pál Grétar fyrr en 29. janúar, er starfræksla frystihússins hófst, en þá hafi verið fullráðið. Hafi vinnu fyrir Pál Grétar því ekki verið krafizt í tæka tíð og því vítalaust af sinni hálfu, þegar af þeirri ástæðu, að taka hann ekki í vinnu. En auk þess fullyrðir hann, að sökum heilsubrests hafi Páll Grétar ekki verið fullgildur verkamaður samkvæmt þeim skilningi, er leggja beri í 1. gr. samningsins, og hafi sér því einnig af þeim sökum verið vítalaust að hafna tilmælum hans um vinnu. Telur stefndi, að hann hafi þannig hvorki gerzt brotlegur við 1. gr. nefnds samnings né unnið til sektar samkvæmt 21. gr. hans.

Samkvæmt forgangsréttarákvæði 1. gr. oftnefnds kjarasamnings, verður að telja, að stefnda hafi borið að gefa félagsmönnum stefnanda kost á því, áður en hann réði utanfélagsmenn til sín, að segja til þess innan hæfilegs frests, hvort þeir óskuðu eftir vertíðarvinnu hjá honum. Eins og að framan er rakið gerði stefndi þetta ekki. Að þessu athuguðu þykir það ekki, eins og hér stóð á, eiga að varða Pál Grétar missi forgangsréttar til vinnu hjá stefnda, þótt það drægist til 29. janúar, að óskað væri eftir vinnu honum til handa. Hvað viðkemur heilsufari Páls Grétars þá bendir að vísu ýmislegt til þess, að heilsa hans hafi ekki verið sterk, en gegn eindregnum mótmælum stefnanda þykir ekki hafa verið leitt í ljós, að hann væri af heilsufarsástæðum haldinn þeim annmörkum, að hann yrði ekki talinn hæfur til þeirrar vinnu, sem um var að ræða, enda gegndi hann samskonar vinnu hjá stefnanda frá 10. febrúar s.l. og fram í maí f. á., og hafa ekki verið færðar sönnur á, að um óvenjulegar fjarvistir hafi verið að ræða af hans hálfu á því tímabili. Að þessu athuguðu, telst það hafa verið andstætt 1. gr. nefnds kjarasamnings, að synja honum um vinnu, þar sem svo stóð á, sem lýst hefur verið, að utanfélagsmenn höfðu þá þegar verið teknir til starfa hjá stefnda.

Eftir atvikum verða þó ekki talin efni til þess að dæma stefnda í févítí samkvæmt 21. gr. kjarasamningsins.

Um 3. Þessi kröfuliður stefnanda er við það miðaður, að Páll Grétar hefði fengið kr. 1000,56 í kaup dagana 29. janúar til 10. febrúar f. á., ef stefndi hefði fullnægt samningsskyldum sínum samkvæmt 1. gr. kjarasamningsins, og tekið Pál Grétar í vinnu þessa daga. Eigi hann því rétt til bóta, sem nemi þessari fjárhæð.

Stefndi hefur mótmælt því, að um nokkra bótaskyldu af hans hálfu sé að ræða, en til vara hefur hann krafizt lækkunar á kröfu stefnanda með vísun til 65. gr. laga nr. 80/1938.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir um kröfuliði 1 og 2, verður að telja, að stefndi hafi orðið bótaskyldur gagnvart Páli Grétari fyrir það að synja honum um vinnuna. Og þar sem stefndi hafði utanfélagsmenn í þjónustu sinni þá daga, sem bótaskyldan er miðuð við, ber að taka hana til greina, enda er ágreiningslaust, að hún sé reikningslega rétt,

miðað við það verkamanna kaup, er greiða skyldi á þeim tíma samkvæmt kjarasamningi aðilja. Vextir verða aðeins dæmdir frá stefnuþegi.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðness, Sandgerði, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps vegna Páls Grétars Lárussonar, kr. 1000.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júní 1951 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. febrúar 1952.

Nr. 2/1952: **Vinnuveitendasamband Íslands f. h.**
Vinnuveitendafélags Suðurnesja
 (Björgvin Sigurðsson hdl.)
 gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Verklýðs- og Sjómannafélags Keflavíkur
vegna þess sjálfs og Vörubílstjóradeildar þess
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson
 í stað Ísleifs Árnasonar.

Gildi kjarasamnings. Uppsögn.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Suðurnesja gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Keflavíkur vegna þess sjálfs og vörubílstjóradeildar þess með stefnu, dags. 7. febrúar þ. á. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að dæmt verði: